Erindisbréf fyrir umhverfisnefnd Sveitarfélagsins Árborgar

I. Kafli

Skipan, umboð og stjórnskipuleg staða

1. gr.

Umhverfisnefnd Sveitarfélagsins Árborgar er kosin af bæjarstjórn sveitarfélagsins og starfar í umboði hennar að þeim verkefnum sem henni eru falin samkvæmt erindisbréfi þessu, samþykkt um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Árborgar og öðrum fyrirmælum bæjarstjórnar.

Nefndin heyrir beint undir bæjarstjórn og er á mannvirkja- og umhverfissviði sveitarfélagsins.

2. gr.

Umhverfisnefnd er skipuð fimm aðalmönnum og jafnmörgum til vara, sem bæjarstjórn kýs til fjögurra ára að afloknum sveitarstjórnarkosningum. Auk þess taka áheyrnarfulltrúi og varaáheyrnarfulltrúi sæti í nefndinni þegar það á við samkvæmt samþykkt um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins.

Skipun fulltrúa miðast við kjörtímabil bæjarstjórnar og lýkur þegar nýkjörin bæjarstjórn hefur kjörið nýja nefnd. Á tímabilinu eftir kosningar eru valdheimildir nefndarinnar takmarkaðar samkvæmt sveitarstjórnarlögum.

Bæjarstjórn kýs formann nefndarinnar en nefndin kýs varaformann á fyrsta fundi sínum.

3. gr.

Umhverfisnefnd fer með stefnumótun, ráðgjöf og eftirlit á verksviði sínu í samræmi við samþykkt um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins, fjárhagsáætlun og stefnu bæjarstjórnar. Nefndin starfar eftir þeim lögum og reglugerðum sem gilda hverju sinni um málaflokka hennar.

Undir verksvið nefndarinnar falla meðal annars opin svæði, hreinlætismál og úrgangsmál, umhverfi leiksvæða, tjaldsvæði, garðyrkjumál, dýraeftirlit, landbúnaðarmál, náttúruvernd, skógrækt, landgræðsla og önnur umhverfismál sem bæjarstjórn felur henni.

Helstu verkefni nefndarinnar eru:

a) að vera bæjarstjórn og öðrum nefndum til ráðgjafar um umhverfismál og veita umsagnir þegar við á, meðal annars um skipulagsáætlanir og verklegar framkvæmdir,
b) að hafa eftirlit með því að samþykkt markmið bæjarstjórnar á verksviði nefndarinnar nái fram að ganga og gera tillögur um markmið, aðgerðir og úrbætur,
c) að stuðla að umhverfisvænum lausnum í úrgangsstjórnun og hafa eftirlit með framkvæmd lögbundinnar úrgangsþjónustu og almennri umhirðu sveitarfélagsins,
d) að fjalla um hreinlætismál, árstíðabundin hreinsunarverkefni og meindýravarnir,
e) að hafa eftirlit með framkvæmd samþykkta sveitarfélagsins um dýrahald,
f) að hafa umsjón og eftirlit með landbúnaðarmálum, afréttarmálum og fjallskilum samkvæmt gildandi lögum og reglum,
g) að fjalla um náttúruvernd, skógrækt, landgræðslu, gróðurvernd og fegrun opinna svæða, samkvæmt gildandi lögum og reglum,
h) að hafa faglega umsjón með rekstri og umhverfi tjaldsvæða í eigu sveitarfélagsins, eftir því sem bæjarstjórn ákveður,
i) að stuðla að upplýsingamiðlun og samráði við íbúa, félagasamtök, fyrirtæki og aðra hagsmunaaðila um fegrun sveitarfélagsins og snyrtilega umgengni, og
j) að annast önnur verkefni sem bæjarstjórn felur nefndinni hverju sinni.

4. gr.

Umhverfisnefnd hefur endanlegt ákvörðunarvald og tekur stjórnvaldsákvarðanir aðeins að því marki sem henni er falið vald til fullnaðarafgreiðslu samkvæmt samþykkt um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins eða þeim lögum og reglugerðum sem gilda um málaflokkinn. Umhverfisnefnd skal framfylgja þeim verkefnum sem ákvörðuð eru í fjárhagsáætlun eða með sérstakri ákvörðun bæjarstjórnar. Aðrar samþykktir nefndarinnar taka gildi við samhljóða staðfestingu bæjarráðs en að öðrum kosti með staðfestingu bæjarstjórnar.

II. Kafli

Starfsmenn, fundir og starfshættir

5. gr.

Deildarstjóri þjónustumiðstöðvar sveitarfélagsins er starfsmaður nefndarinnar, undirbýr fundi nefndarinnar og ber ábyrgð á að staðfestum samþykktum og ákvörðunum nefndarinnar sé fylgt eftir. Nefndarmenn skulu beina erindum um eftirfylgni til deildarstjóra. Þurfi frekari eftirfylgni skal málinu vísað til sviðsstjóra eða bæjarstjóra eftir því sem við á.

Deildarstjóri þjónustumiðstöðvar, sviðsstjóri mannvirkja- og umhverfissviðs og bæjarstjóri eiga rétt á að sitja fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti. Heimilt er að kalla til aðra starfsmenn og sérfræðinga þegar þörf er á.

6. gr.

Um fundi, boðun þeirra, dagskrá, ályktunarhæfi, atkvæðagreiðslur, fundargerðir og málsmeðferð fer samkvæmt sveitarstjórnarlögum og samþykkt um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Árborgar.

Deildarstjóri þjónustumiðstöðvar boðar fundi í samráði við formann. Nefndin ákveður reglulegan fundartíma á fyrsta fundi sínum. Fundir nefndarinnar eru haldnir fyrir luktum dyrum nema annað leiði af lögum eða ákvörðun bæjarstjórnar.

Fundarboð skal vera skriflegt og tilgreina fundarstað, fundartíma og dagskrá. Það skal sent fulltrúum og öðrum sem seturétt eiga eigi síðar en tveimur sólarhringum fyrir fund, nema sérstakar og málefnalegar ástæður krefjist skemmri fyrirvara. Fundarboð skal sent með og fundargögn skulu aðgengileg með rafrænum hætti.

Skylt er að boða til fundar ef meirihluti aðalmanna fer fram á það með skriflegum hætti. Formanni er heimilt, í samráði við starfsmann nefndarinnar, að fella niður fund af málefnalegum ástæðum. Nefndarmaður á rétt á að koma máli á dagskrá fundar, skili hann efni þess til nefndarformanns eða deildarstjóra þjónustumiðstöðvar a.m.k. 3 sólarhringum fyrir fund.

Rita skal fundargerð í samræmi við reglur sveitarfélagsins. Trúnaðarupplýsingar og önnur viðkvæm gögn skulu varðveitt og meðhöndluð með tryggilegum hætti og ekki birt nema heimild standi til þess.

7. gr.

Um réttindi og skyldur fulltrúa í umhverfisnefnd fer eftir sveitarstjórnarlögum, stjórnsýslulögum og samþykkt um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins, eftir því sem við á.

Fulltrúa er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Hann skal tilkynna formanni og starfsmanni nefndarinnar um forföll með góðum fyrirvara og boða varamann.

Fundarmenn skulu hafa hag sveitarfélagsins og almannahagsmuni að leiðarljósi. Um sérstakt hæfi fundarmanna gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga. Fundarmaður skal vekja athygli á hugsanlegu vanhæfi sínu og víkja af fundi við meðferð máls ef hann er vanhæfur.

III. Kafli

Þagnarskylda

8. gr.

Þagnarskylda er lögð á herðar þeim sem fengið hafa vitneskju um einkahagi einstaklinga, vegna starfa sinna á vegum nefnda og ráða sveitarfélagsins. Fundarmenn skulu undirrita drengskapsheit um þagnarskyldu. Þagnarskyldan helst eftir að látið er af störfum. Deildarstjóri þjónustumiðstöðvar skal annast um að slík heit séu undirrituð.

IV. Kafli

Gildistaka

9. gr.

Erindisbréf þetta byggist á sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011, stjórnsýslulögum nr. 37/1993, þeim sérlögum sem gilda um verkefni nefndarinnar og samþykkt um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Árborgar, með síðari breytingum.

Með samþykkt erindisbréfs þessa fellur úr gildi eldra erindisbréf umhverfisnefndar.

Erindisbréf þetta var samþykkt í bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar _____og tekur gildi við samþykkt þess.